

Unnið að stofnun nýrra samtaka

- Minni sveitarfélög óánægð með afstöðu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga til lögþvingunar
- Hugað að stofnun samtaka minni sveitarfélaga sem verði annaðhvort innan eða utan Sambandsins

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is

Ágreiningur innan Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna afstöðu stjórnar sambandsins til tillagna ríkisstjórnarinnar um að þvinga fram sameiningu sveitarfélaga með því að

lögfesta lágmarksfjölda íbúa hefur orðið til þess að unnið er að stofnun samtaka minni sveitarfélaga. Einn af forystumönnum þeirrar hreyfingar segir að málið sé skammt á veg komið og ekki liggi fyrir hvort nýju samtökin muni starfa innan Sambandsins eða utan, ef af stofnun þeirra verði.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps samþykkti bókun um málið fyrir í vikunni og fól oddvita og sveitarstjóra að vinna áfram í samstarfi við önnur lítil sveitarfélög að því að stofna samtök minni sveitarfélaga.

Próstur Friðfinnsson, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps, segir að málið sé skammt á veg komið. Myndast hafi ákveðinn hópur vegna þess að stjórn Sambands íslenskra sveit-



Morgunblaðið/Ingó

Grenivík í Grýtubakkahreppi eru um 370 íbúar og er hann því í hópi þeirra sveitarfélaga sem þurfa að sameinast öðrum á næstu árum, samkvæmt stefnumörkun ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

arfélaga hafi ekki sinnt hagsmunum þessara sveitarfélaga og í raun verið að hrekja þau úr samtökunum. „Það hefur aldrei verið vilji minni sveitarfélaganna að yfirgefa Sambandið eða þurfa að standa í því að annast sína hagsmunagæslu sjálf“, segir Próstur og tekur fram að engar ákvarðanir hafi verið teknar. Ef hins vegar stjórn haldi óbreyttri stefnu þá neyðist minni sveitarfélögin til að fara út á þessa braut.

Urðu undir á landsþingi

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 2019 samþykkti að mæla með þingsályktunartillögu um stefnumótun sem meðal annars fól í sér að lögfesta ákvæði um lágmarksíbúafjölda í sveitarfélögum. Var við það miðað að fyrir þarnæstu kosningar yrði lágmarksfjöldinn 1.000 íbúar. Á landsþingi Sambandsins nú í desember kom fram tillaga frá tutt-

ugu minni sveitarfélögum þar sem lýst var stuðningi við flest meginatriði stefnumörkunar stjórnvalda nema hvað þingið myndi hafna lögfestingu íbúalágmarks. Sú tillaga var felld með 67 atkvæðum gegn 54 og stendur því fyrri stefnumótun Sambandsins.

Í bókun sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps kemur fram að stóru sveitarfélögin hafi fellt tillöguna og er á það bent að hvert lítið sveitarfé-

lag hafi eitt atkvæði á landsþingi en þau stóru fleiri, til dæmis hafi Reykjavík 16 atkvæði og Akureyri 5. Er því haldið fram í bókuninni að meirihluti sveitarfélaga sé á móti stefnumörkun, með vísan til niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar, og með því sé hrakið það sem haldið hafi verið fram af formanni Sambandsins og fleirum að almennt vilji sveitarstjórnarstígsins væri að setja 1.000 íbúa lágmark.

Innan eða utan Sambandsins?

Próstur segir að ef stjórn Sambandsins sjái að sér og virði samþykktir þess og grundvallarreglur um íbúalýðræði og sjálfsákvörðunarrett sveitarfélaga verði allir glaðir. Hann er þó ekki of trúður á að það verði þar sem ekkert hafi heyrst frá stjórninni í þá veru eftir landsþingið í desember.

Tjörneshreppur sagði sig úr Sambandi íslenskra sveitarfélaga á síðasta ári vegna þessa máls. Próstur segir aðspurður um úrsögn annarra minni sveitarfélaga að það sé alveg óvíst. Bendir hann á að hægt sé að stofna samtök innan Sambandsins og nefnir samtök sjávarútvegs- og orkusveitarfélaga. Þau starfi undir væng Sambandsins og fái ákveðna þjónustu án þess að vera hluti af skipulagi þess.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. janúar 2021, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. janúar 2021 og önnur gjaldfallin á löggð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. janúar 2021, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendra framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattransóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarstjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálaþyrntæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 25.000 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.500 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögeveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. janúar 2021

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Á vinnumarkaði Atvinnuleysi er mjög misjafnt eftir atvinnugreinum.

Spá auknu atvinnuleysi í janúar

- Heildaratvinnuleysi var 12,1% í desember
- Nær til 26.473 einstaklinga

Ómar Friðriksson
omfr@mbl.is

Heildaratvinnuleysi á landinu mældist 12,1% í desembermánuði og var það óveruleg aukning frá mánuðinum á undan. Atvinnuleysi í almenna bótakerfinu var 10,7% í desember, það jókst úr 10,6% í nóvember og 9,9% í október. Atvinnuleysi í hlutabótakerfinu var 1,4% í desember.

Vinnuástandið er sem fyrr mjög misjafnt eftir landshlutum. Á Suðurnesjum þar sem það er mest á landinu, jókst það enn frekar í desembermánuði en þar fór heildaratvinnuleysið úr 22,8% í nóvember í 23,3% í seinasta mánuði ársins. Raunar jókst samanlagt atvinnuleysi í almenna kerfinu og í minnkaða starfshlutfallinu alls staðar á landinu í desember nema á höfuðborgarsvæðinu þar sem það var óbreytt. Þar mældist þó næstmesta atvinnuleysið á landinu eða 12%.

Alls voru 21.365 einstaklingar atvinnulausir í almenna bótakerfinu á landinu öllu í lok desember og 5.108 voru skráðir í minnkuðu starfshlutfalli eða samtals 26.473 manns.

„Erlendir atvinnuleitendur í almenna atvinnuleysiskerfinu voru 8.728 í lok desember. Þessi fjöldi samsvarar rúmlega 24% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara,“ segir í greinargerð VMST.